

GJALDSKRÁ

Akranesveitu.

Vegna rafmagnssölu.

A-hluti.

Akranesveita selur rafmagn á því verði sem greint er frá í B-hluta gjaldskrár veitunnar. Um sölu rafmagns á orkuveitusvæði Akranesveitu gilda auk þess eftirfarandi ákvæði og skýringar:

Ákvæði og skýringar.

- A1. Til lýsingar, véla og tækja í iðnaði, verslun og þjónustugreinum, sjúkrahúsum, vistheimilum og öðrum stofnunum.
- B1. Til notkunar á heimilum.
- B2. Til véla og vinnuljósa, fyrir hús sem eru í byggingu. Einnig til véla og annarra nota við Akraneshöfn. Gjaldið miðast við hverja byrjaða 12 tíma og allt að 40% ástimplaðrar flutningsgetu tengla sem eru 3x63 A og 3x125 A, 400 V.
- C1. Til atvinnufyrirtækja með meira en 40 kW ársafli. Gjaldstofn aflgjalds er úttekt í kílówöttum. Ársafli reiknast hæsta meðalafl í 15 mín. Heimilt er að selja einnig rafmagn til lýsingar samkvæmt þessum taxta, að tilskildu samþykki veitustjórnar, en greiða skal þá þrefalt fastagjald.

Hitanotkun.

Raforka til hitunar er seld til upphitunar húsnæðis og til iðnaðarhitunar.

- D. Öll sala til hitunar er háð ákvörðun veitustjóra og veitustjórnar m.a. með tilliti til:
 - a. að raforka sé aflögu vegna almennrar notkunar (forgangsorka);
 - b. að vélaafl, spennar og rafstrengir þoli álagið;
 - c. verðlags og hagkvæmni slíkrar sölu;
 - d. að straumur sé rofinn á álagstímum með sjálfvirkum búnaði og kosti notandinn tengingu slíks búnaðar og greiði leigu af honum;
 - e. að tæki, lagnir og allur hitabúnaður sé samkvæmt fyrirmælum veitunnar og settum reglum. Ofnar séu fasttengdir, hafi rofa og hitastilla;
 - f. að notkun sé eigi minni en 6000 kWst. á ári. Undanþeginn þessu ákvæði er liður D1. Ef notkun er minni, er veitunni heimilt að krefjast gjalds fyrir 6000 kWst. á ári eða færa notkunina yfir á D1;
 - g. að notendur fái skriflegt leyfi (hitaleyfi) fyrir slíka notkun. Ef tvö ár líða frá útgáfu hitaleyfis og notkun ekki hafin, fellur leyfið úr gildi. Sama gildir ef leyfi er ekki notað í tvö ár.
- D1. Gjald fyrir hitun án rofs.
- D2. Gjald fyrir hitun – Rof 1,5 klst.
- D3. Gjald fyrir hitun – Rof 2,5 klst.
- D4. Gjald vegna næturhitunar.
- D5. Fyrir notkun sem eingöngu fer fram á tímabilinu frá 1. maí til 15. október ár hvert. Einnig má selja eftir þessum lið orku sem veitunni er heimilt að rjúfa að vild.
- D6. Eftir þessum lið má einnig selja raforku með blönduðu rofi, þannig að hluti notkunar sé rofinn í 14 ½ klst. á sólarhring, en á móti sé a.m.k. jafn mikið afl órofið.

E.

- E1. Sérsmningur um raforkusölu.
- E2. Gatna- og hafnarlýsing.
- E3. Gjald vegna lokunar og endurofnunar veitu.
- E4. Innheimtugjald.
- E5. Álestrargjald.

Annað.

1. Ef sérstaklega stendur á getur notandi leitað eftir samningi um raforkukaup.
2. Forstöðumanni fyrirtækjasviðs er heimilt að leyfa tengingu einstakra tækja við kerfi veitunnar án mælis, um stundarsakir, að því tilskildu að greiðsla komi fyrir í samræmi við áætlaða notkun tækisins.
3. Gjald samkvæmt taxta E2 miðast við uppsett afl til úti- og götulýsingar. Lýsing þessi stjórnast af ljósnemabúnaði veitunnar. Auk rafmagnskostnaðar er allur eðlilegur viðhaldskostnaður lýsingarkerfisins innifalinn í verðinu, en notandi greiðir stofnkostnað að fullu. Þó ákveður bæjarstjórn greiðslu fyrir gatna- og hafnarlýsingu að fengnu álit forstöðumanns fyrirtækjasviðs.
4. Á hesthúsa- og hafnasvæðinu er heimilt að selja rafmagn samkvæmt blönduðum taxta á þann hátt að allt að 85% notkunar reiknast á hitataxta D1, en a.m.k. 15% notkunar reiknast á taxta B2. Slík sala er háð samþykki forstöðumanns fyrirtækjasviðs, hann skal ákvarða skiptingu milli fyrrnefndra tveggja taxta innan þeirra marka er að framan getur og ganga úr skugga um að hitanotkun sé í samræmi við þá skiptingu.
5. Hafí gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari ekki verið greidd svo að til lokunar veitu hafi komið, skal greiða gjald fyrir endurofnun samkvæmt þessum lið E3.
6. Þurfi að senda út lokunartilkynningu vegna vanskila á greiðslu skal viðskiptamaður greiða aukalega innheimtugjald samkvæmt lið E4.
7. Þurfi að ósk viðskiptamanns að lesa aukalega á mæli skal hann greiða álestrargjald, nema að um flutning sé að ræða.
8. Veitunni er heimilt að reikna dráttarvexti á vangoldna rafmagnsreikninga eins og dráttarvextir eru ákveðnir á hverjum tíma.

Mæla- og rofaleiga.

Forstöðumaður fyrirtækjasviðs ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann. Gjaldskráin miðast við að meðalfasviksstuðull hvers mánaðar hjá kaupanda sé ekki lægri en 0,9. Falli fasviksstuðull niður fyrir þetta gildi, skal kílówattsstundaverð umrædds mánaðar hækka um 7% fyrir hvert tímabil mánaðarins, sem fer niður fyrir slíkt lágmark. Ársleiga fyrir önnur mælitæki en um getur í B-hluta gjaldskrárinnar skal vera sem næst 15% af verði viðkomandi búnaðar.

Heimtaugar.

- a. Forstöðumaður fyrirtækjasviðs ákveður stærð og gerð heimtaugar eða spennistöðvar fyrir húsveitu.
- b. Í tengigjaldi heimtaugar er innifalinn 30 m löng heimtaug. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við stíg eða götu, greiðfæra leið að varkassa eða töflu. Yfirlengd bráðabirgðarheimtauga reiknast samkvæmt kostnaði.
- c. Óski húseigandi eftir að flutningsgeta heimtaugar verði aukin skal greiða fullt gjald fyrir hina nýju heimtaug að frádrögnum hálfu gjaldi hinnar fyrri, hvor tveggja miðað við gild

- andi gjaldskrá, þegar breyting er gerð. Húseigandi skal kosta breytingar á stofntaug innanhúss sem þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað er af þessu leiðir.
- d. Tengigjald vegna spennistöðvar skal reikna þegar spennistöð er byggð að mestu eða öllu leyti í þágu eins notanda. Skal notandi leggja til lóð eða húsnæði fyrir stöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi forstöðumanns fyrirtækjasviðs. Húsnæðið skal fullnægja öllum kröfum um gerð spennistöðvarhúsa. Kostnaður notanda við gerð húsnæðis kemur til frádráttar tengigjaldi. Þó aldrei meira en tengigjaldi nemur.
- e. Viðskiptamaður getur fengið skammtímatengingu við dreifikerfi veitunnar (7 dagar hámark). Leggi veitan einnig til sérsníðaða töflu skal greiða tvöfalt gjald. Auk þessa greiðist orkugjald samkvæmt B2. Ef tenging fer fram utan daglegs vinnutíma skal viðskiptamaður greiða áfallinn viðbótarkostnað.
- f. Gjaldskrá tengigjalda gildir í skipulögðum hverfum innan Akraneskaupstaðar. Í óskipulögðum hverfum greiðist tengigjald samkvæmt kostnaði. Tengigjald skal greiða þegar setningu heimtaugar eða byggingu spennistöðvar er lokið.

**Rafveitusvið.
B-hluti.**

	Fastagjald kr./ár	Orkuverð kr./kWh
A1 Almenn notkun	2.548	6,83
B1 Heimilisnotkun	2.548	6,44
B2 Mannvirkjagerð og hafnarsvæði	3.800	7,82
B3 Orkugjald til skipa. Pr. 12 klst.		
C1 Stórnotkun (afltaxti)	29.022	2,81
Aflgjald kr./kW/ár	8.085	
D1 Hitun án rofs	4.440	6,39
D2 Hitun, rof 1,5 klst.	4.609	3,65
D3 Hitun, rof 2,5 klst.	4.609	3,30
D4 Næturhitun	4.609	2,37
D5 Sumarhitun	4.609	2,55
D6 Rof breytilegt	4.609	3,01
E1 Sérsamningar		
E2 Gatna- og hafnarlysing	28.310 kr./kVA/ár	
E3 Lokun og enduropnun veitu	1.635	
E4 Innheimtugjald	591	
E5 Álestrargjald	604	
Leigugjöld		
10 Einfasa mælir	457	
11 Einfasa mælir með liða	2.353	
20 Þrífasa mælir	1.778	
21 Þrífasa mælir með liða	3.487	
24 Þrífasa mælir með str.sp.	4.450	
30 Þrífasa aflmælir	2.791	
31 Þrífasa aflmælir með str.sp.	5.415	
Heimtaugar		
<i>Málstærð</i>	<i>Stofngjald</i>	<i>Gjald yfirlengdar kr./m</i>
63 A 1 fasi	36.450	1.570
63 A 3 fasa	62.158	1.918
100 A 3 fasa	89.352	2.307
200 A 3 fasa	157.974	3.223
350 A 3 fasa	258.946	4.599

Spennistöðvar	
<i>Stærð spennis</i>	<i>Stofngjald</i>
300 kVA	300.334
500 kVA	608.542
600 kVA	699.654
800 kVA	932.498
Bráðabirgðaheimtaugar	
<i>Málstærð</i>	<i>Stofngjald</i>
35 A einfasa	9.420
35 A þrífasa	13.532
60 A þrífasa	16.602
Tengigjald v/ skammtímanotkunar	2.943
Tengigjald við Akraneshöfn	2.342

Iðnaðarhiti. C-hluti.

Mæla- og rofaleiga v/ húshitunar	
1. Einfasa	457
2. Einfasa með liða	2.353
3. Þrífasa	1.778

Vegna sölu á heitu vatni. D-hluti.

1. gr.

Akranesveita selur heitt vatn samkvæmt gjaldskrá þessari og reglugerð.

2. gr.

Fastagjald greiðist af öllu hituðu húsnæði. Heimilt er þó að veita undanþágu frá þessu ákvæði.

Fastagjaldið reiknast út frá flatarmáli (F) samkvæmt fasteignamati. Flatarmál bílgeymslna er ekki tekið með flatarmáli íbúðarhúsnæðis, nema þær séu notaðar sem íbúðar- eða atvinnuhúsnæði.

Fastagjald á mánuði = $F \times 11,92 \text{ kr./m}^2$ ef F er minna en eða jafnt 130 m^2 .

Fastagjald á mánuði = $1.550 \text{ kr.} + (F-130) \times 7,17 \text{ kr./m}^2$, ef F er stærra en 130 m^2 .

3. gr.

Gjald fyrir afnot af heita vatninu er:

a) Þeir sem greiða fastagjald samkvæmt 2. gr.: 81,29 kr.
fyrir hvern rúmmetra vatns.

b) Þeir sem ekki greiða fastagjald samkvæmt 2. gr.: 108,66 kr.
fyrir hvern rúmmetra vatns.

Gjaldið leiðréttist miðað við reiknað hitastig við húsvegg, sbr. reglugerð Akranesveitu.

4. gr.

Fyrir hvern mæli skal greiða gjald mánaðarlega.

Fyrir mæla með nafnrennsli allt að $6 \text{ m}^3/\text{klst.}$: 288 kr./mán.

Fyrir mæla með nafnrennsli yfir $6 \text{ m}^3/\text{klst.}$: 516 kr./mán.

5. gr.

Komi til lokunaraðgerða, sbr. reglugerð Akranesveitu, skal greiða gjald kr. 1.627.

Innheimtugjald til greiðslu kostnaðar við vanskilainnheimtu kr. 600.
Fyrir aukaálestur af mæli skal greiða kr. 589,00.

6. gr.

Stofngjöld skal greiða eftir stærð inntakspípu. Innifalið í stofngjaldi er heimæð allt að 30 m innan lóðarmarka og mælagrind.

Stofngjald skal vera:

Þvermál inntakspípu:	Stofngjald kr.:
20 mm (lágmarksstærð)	125.000
25 mm	188.000
32 mm	380.000
40 mm	640.000
50 mm	1.280.000
65 mm og stærra	Sérstakur samningur.

Lágmarksstofngjald fyrir íbúð í sambýlishúsi skal vera kr. 58.204. Sama gildir um annað húsnæði í slíkum byggingum.

Fyrir fleiri mælagrindur en eina skal greiða sérstakt mælagrindargjald. Mælagrindargjald er 17.605 kr./grind.

Gjald fyrir heimæðar á skipulögðum þéttbýlissvæðum, sem eru lengri en 30 m innan lóðamarka er 3.672 kr./m umfram 30 m. Utan þéttbýlis kostar hitaveitan heimæð allt að 50 m frá stofnlögn, en húseigandi greiðir það sem umfram er samkvæmt kostnaðarreikningi.

7. gr.

Sala á heitu vatni til snjóbræðslu.

1. Forstöðumanni fyrirtækjasviðs er heimilt að selja heitt vatn til snjóbræðslu, óháð stærð þess svæðis sem á að bræða af.
2. Öllum þeim sem kaupa heitt vatn til snjóbræðslu skal skylt að taka sérstaka mælagrind fyrir snjóbræðslukerfi.
3. Kaupendum heitavatns til snjóbræðslu skal skylt að hafa kerfi sin lokuð kerfi þannig útbúin að þau skaði ekki þótt ákvæðum 8 liðar verði beitt. Verði misbrestur á þessu mun Akranesveita ekki bera af þeim tjónum skaða.
4. Heitt vatn til snjóbræðslu verði verðlagt samkvæmt eftirfarandi í samræmi við gjaldskrá sem gildir frá 1. janúar 2001.
5. Gjald fyrir snjóbræðslu verði krónur 29,62 pr. rúmmetra samkvæmt gildandi gjaldskrá.
6. Ekkert mælagrindargjald fyrir aukagrindina vegna snjóbræðslu verður innheimt samkvæmt gildandi gjaldskrá.
7. Komi til lokunar vegna vanskila greiða menn lokunargjald samkvæmt gildandi gjaldskrá.
8. Forstöðumanni fyrirtækjasviðs er heimilt að loka fyrir mælagrindur fyrir snjóbræðslur sé sannanlega um skort á heitu vatni að ræða.

8. gr.

Hitaveitugjöld vegna heitavatns samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu neysluverðs til útreiknings í janúar 2001 sem er 202,1 stig.

Ýmis ákvæði.

Á mæla skal að jafnaði lesa einu sinni eða tvisvar á ári. Veitunni er heimilt að áætla notkun og gefa út reikninga mánaðarlega þess á milli.

Hækki innkaupsverð á raforku er veitustjórn heimilt að hækka gjaldskrá þessa varðandi raforku um allt að 60% af þeirri hækkun. Hækki tilkostnaður veitunnar vegna almennra verðhækkana, er veitustjórn heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 40% af þeirri hækkun og skal viðmiðun vera vísitala byggingakostnaðar. Fyrirnefnd viðmiðun miðast við verðlag 1. janúar 1993. Breyting og hækkun gjaldskrár samkvæmt ofanrituðu, er því aðeins gild að komi til samþykki iðnaðarráðuneytisins.

Á gjöld þessi leggst virðisaukaskattur eins og hann er samkvæmt lögum á hverjum tíma.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. apríl 2001 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá Akranesveitu nr. 431 24. júní 1999, með áorðnum breytingum.

Iðnaðarráðuneytinu, 20. mars 2001.

Valgerður Sverrisdóttir.

Borgeir Örlygsson.